

# Starfandi í menningu –vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR)

## 1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Atvinna, lífskjör og mannfjöldi
1.3 Nafn tengiliðar	Erla Rún Guðmundsdóttir, sérfræðingur í menningartölfræði
1.6 Netfang tengiliðar	<a href="mailto:erla.gudmundsdottir@hagstofa.is">erla.gudmundsdottir@hagstofa.is</a>
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1052

## 2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð 14. desember 2021

## 3. Framsetning

## 3.1 Lýsing á gögnum

**Úrtak og heimtur.** Í úrtökuramma hvefrrar vinnumarkaðsrannsóknar eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16–74 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eiga lögheimili á Íslandi.

Gögnum er safnað samfelldt allt árið um kring en árinu er skipt upp í fjögur 13 vikna tímabil og er úrtakið um 5.200 einstaklingar í hverjum ársfjórðungi. Úrtakinu er skipt í fimm hópa. Í hverjum ársfjórðungi er einn hópur úrtaksins í fyrsta sinn í viðtali, annar hópur í annað sinn og svo framvegis. Í hverjum ársfjórðungi er hópnun sem verið hefur í úrtakinu fimm sinnum skipt út fyrir nýjan hóp. Nýju einstaklingarnir eru valdir með einfaldri hendingarúrtöku án skila. Þátttakendur eru þrjá ársfjórðunga í röð í rannsókninni, þá tekur við tveggja ársfjórðung hvíld og loks eru þeir í rannsókninni tvo ársfjórðunga í röð. Þegar þátttöku er lokið er einstaklingi ekki skilað í úrtökurammann fyrr en tveimur árum eftir að hann var síðast í úrtaki. Rétt er að benda á að þótt að einstaklingar geti lent í úrtaki vinnumarkaðsrannsóknar oftar en einu sinni eru niðurstöður reiknaðar á grundvelli þversniðs.

**Spurningalisti.** Spurningar í vinnumarkaðsrannsóknum Hagstofunnar eru byggðar á ýmsum fyrirmyndum úr sambærilegum könnunum í nágrannalöndunum, einkum á Norðurlöndum. Megininntak spurningalistans fjallar um stöðu fólks á vinnumarkaði en auk þess er spurt um menntun fólks og ýmsa reynslu af vinnumarkaði. Þá hefur það verið haft að leiðarljósi að niðurstöður þurfa að samræmast [vinnumarkaðsmælingum](#) Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og gögn þurfa að vera í samræmi við þess að lútandi samninga um Evrópska efnahagssvæðið.

**Tímasetning** . Þátttakendur í hverri könnun eru spurðir um atvinnuþátttöku í tiltekinni viku, svokallaðri viðmiðunarviku. Viðmiðunarvikan byrjar á laugardegi og er síðasta heila vikan áður en viðtal fer fram.

## 3.2 Flokkunarkerfi

**Ráðningarsamband** er flokkað eftir því hvort þátttakandi er *sjálfstætt starfandi* eða tilheyrir *launafólki*.

**Atvinnugreinar** eru flokkaðar í samræmi við [Íslenska atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008](#). Eftirtaldar atvinnugreinar falla undir menningu og listir skv. staðli Eurostat:

ÍSAT08	Lýsing
18.11	Prentun dagblaða
18.12	Önnur prentun
18.13	Undirbúningur fyrir prentun
18.14	Bókband og tengd þjónusta
18.20	Fjölföldun upptekins efnis
32.12	Skartgripasmíði og skyld framleiðsla
32.20	Hljóðfærasmíði
47.61	Smásala á bókum í sérværslunum
47.62	Smásala á dagblöðum og ritföngum í sérværslunum
47.63	Smásala á tónlistar- og myndupptökum í sérværslunum
58.11	Bókaútgáfa
58.13	Dagblaðaútgáfa
58.14	Tímaritaútgáfa
58.21	Útgáfa tölvuleikja
59.11	Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni
59.12	Eftirvinnsla kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis
59.13	Dreifing á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni
59.14	Kvikmyndasýningar
59.20	Hljóðupptaka og tónlistarútgáfa
60.10	Útvarpsútsending og dagskrárgerð
60.20	Sjónvarpsútsendingar og dagskrárgerð
63.91	Starfsemi fréttastofa
71.11	Starfsemi arkitekta og skyld tæknileg ráðgjöf

- 74.10 Sérhæfð hönnun
- 74.20 Ljósmyndþjónusta
- 74.30 Þýðingar- og túlkunarþjónusta
- 77.22 Leiga á myndböndum og -diskum
- 85.52 Listnám
- 90.01 Sviðslistir
- 90.02 Þjónusta við sviðslistir
- 90.03 Listsköpun
- 90.04 Rekstur húsnæðis og annarrar aðstöðu fyrir menningarstarfsemi
- 91.01 Starfsemi bóka- og skjalasafna
- 91.02 Starfsemi safna
- 91.03 Rekstur sögulegra staða og bygginga og áþekkra ferðamannastaða

**Starfsstéttir** eru flokkaðar í samræmi við [Íslenska starf flokkun, ÍSTARF95](#). Eftirtaldir starf flokkar falla undir menningu og listir skv. staðli Eurostat (stjórnumerkt störf teljast ekki til menningarstarfa af Hagstofunni):

#### ÍSTARF95 Lýsing

- 1229\* Yfirmenn framleiðslu- og rekstrardeilda ótalið a.s.
- 2141 Sérfræðistörf í byggingarlist og skipulagsfræði
- 2148 Sérfræðistörf við kortagerð og landmælingar
- 2359\* Aðrir kennarar og uppeldisfræðingar ófl.a.
- 2431 Sérfræðistörf við skjala- og safnfræði
- 2432 Sérfræðistörf við bókasafns- og upplýsingafræði
- 2444 Sérfræðistörf tengd málvísindum og þýðingum
- 2451 Störf rithöfunda, blaðamanna og annarra höfunda ritaðs máls
- 2452 Störf myndhöggvara, listmálara og annarra slíkra listamanna
- 2453 Störf tónskálda, tónlistarmanna og söngvara
- 2454 Störf danshöfunda og listdansara

- 2455 Störf leikara og leikstjóra
- 3131 Tæknistörf við ljósmyndun, mynd- og hljóðupptöku, ljósastýringu o.þ.h.
- 3132 Tæknistörf við fjarskipta-, hljóð- og myndsendingar
- 3139 Myndtæknimenn og rafeindatæknar ófl.a.
- 3340 Störf annarra leiðbeinenda og þjálfara
- 3437 Skjala- safn- og bókasafnsverðir
- 3439 Störf fulltrúa og ritara tengd stjórnun ótalið a.s.
- 3471 Störf við hönnun og útstillingu
- 3472 Störf við dagskrárkynningar í útvarpi og sjónvarpi og skyld störf
- 3473 Störf við hljóðfæraleik, söng og dans á skemmtistöðum, götum o.þ.h.
- 3474 Störf trúða, sjónhverfingarmanna og loftfímleikamanna
- 4141 Störf við bóka- og skjalavörslu
- 7312 Störf hljóðfærasmiða og hljóðfærastillingarmanna
- 7313 Störf skartgripasmiða
- 7321 Störf leirkerasmiða
- 7322 Störf glergerðarmanna, glerskurðarmanna og glerslípara
- 7323 Störf glergrafara og glerskreytingarfólks
- 7324 Störf postulínsmálara og skiltagerðarmanna
- 7331 Störf handíðafólks með tré og skyld efni
- 7332 Störf handíðafólks með vefnað, leður og skyld efni
- 7424\* Sérhæfð störf við körfu- og burstagerð
- 7431\* Sérhæfð störf við kembun ullar og náttúrulegra efna
- 7432\* Sérhæfð störf við þrjón, hekl, vef og skyld störf

Við uppfærslu á talnaefni haustið 2021 voru endurskoðaðir þeir atvinnugreina- og starfaflokkar sem meðtaldir eru undir menningu. Fimm ÍSTARF95 starfaflokkar voru útilokaðir vegna þess að ekki er um *menningarstörf* að ræða í íslensku samhengi. Starfaflokkarnir sem ekki eru meðtaldir eru stjörnumerktir í listanum hér að ofan.

# Lýsigögn

## 3.3 Umfang efnis - þekja

### 3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Í útgefnum tölum Hagstofunnar um starfandi í *menningu* er byggt á [skilgreiningu Eurostat](#) (e. cultural employment). Þeir teljast *starfandi í menningu* sem 1) starfa við menningarstörf (samkvæmt ÍSTARF95) án tillits til atvinnugreinar, 2) starfa í atvinnugreinum menningar (samkvæmt ÍSAT08) án tillits til starfaflokka og 3) þeim sem starfa við *menningarstörf í atvinnugreinum menningar*.

Tölurnar byggja þannig á þversniðsskilgreiningu (sjá mynd) af annars vegar starfaflokkum (ÍSTARF95) og hinsvegar atvinnugreinaflokkum (ÍSAT08). Tölurnar eru því heildartölur (summa) þeirra sem eru starfandi í öllum störfum í atvinnugreinum menningar, annars vegar, og starfandi í menningarstörfum í öllum atvinnugreinum, hins vegar. Til samanburðar eru birtar tölur yfir þá sem eru starfandi við önnur störf í öðrum atvinnugreinum.

		Atvinnugreinar	
		ÍSAT08	
		Atvinnugreinar menningar	Aðrar atvinnugreinar
Starfaflokkar ÍSTARF95	Menningarstörf	Menningarstörf í atvinnugreinum menningar	Menningarstörf í öðrum atvinnugreinum
	Önnur störf	Önnur störf í atvinnugreinum menningar	Önnur störf í öðrum atvinnugreinum

Rétt er að benda á að í töflum um starfandi *samkvæmt skrárgögnum* er aðeins birtar tölur um fjölda starfandi í atvinnugreinum menningar. Starfaflokkar eru ekki tilgreindir í skrárgögnum.

Í Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er skilgreiningum Eurostat á meginvísium atvinnustöðu beitt. Þessir vísar eru síðan notaðir til samanburðar milli landa. Helstu skilgreiningar eru þessar:

**Atvinna.** Hvers konar vinna gegn endurgjaldi í peningum eða fríðu, ólaunuð vinna við fyrirtæki eigin fjölskyldu, ólaunuð vinna við byggingu eigin íbúðarhúsnæðis eða framleiðslu til eigin neyslu. Ennfremur vinna við listsköpun jafnvel þótt viðkomandi hafi ekki tekjur af henni. Ólaunuð vinna við heimilishald á eigin heimili hefur hingað til ekki talinn vera atvinna.

**Starfandi** telst hver sá sem vann að minnsta kosti eina klukkustund í viðmiðunarvikunni eða var tímabundið fjarverandi frá vinnu sem hann er að öllu jöfnu ráðinn til. Í tölum um starfandi við menningu eru meðtaldir allir þeir sem hafa annað hvort eða bæði auka- og aðalstarf í annað hvort eða bæði menningarstarfi og/eða atvinnugrein menningar. Hver einstaklingur er þannig talinn einu sinni, þó viðkomandi sé bæði í aðal- og aukastarfi í menningu. Ef einstaklingur er í aukastarfi í menningu en aðalstarfi í öðru er hann talinn til starfandi við menningu en ekki í öðru.

**Aðalstarf** er það starf sem þátttakandi álitur sjálfur að sé hans aðalstarf. Í vafatilvikum skal það starf vera álitid aðalstarf sem þátttakandi ver fleiri vinnutímum í, í viðmiðunarvikunni.

**Launafólk.** Til launafólks teljast þeir sem vinna gegn endurgjaldi í peningum eða fríðu fyrir opinbera atvinnurekendur eða atvinnurekendur á einkamarkaði.

**Sjálfstætt starfandi.** Þeir teljast sjálfstætt starfandi sem vinna fyrir eigið fyrirtæki í þeim tilgangi að afla sér ágóða.

**Bæði:** Þeir flokkast sem 'bæði' sem starfa hvoru tveggja í launuðu starfi og sem sjálfstætt starfandi í menningarstörfum og/eða atvinnugreinum menningar. Viðkomandi er þá í aðal- og aukastarfi í menningu en ráðningarsamband er ólíkt eftir því um hvort starfið er að ræða.



<b>3.5 Hagskýrslueining</b>	Einstaklingar
<b>3.6 Þýði</b>	Þýði vinnumarkaðsrannsóknarinnar eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16–74 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eiga lögheimili á Íslandi í viðmiðunarviku rannsóknarinnar
<b>3.7 Svæði</b>	Tölur eru almennt birtar fyrir landið í heild sinni.
<b>3.8 Tímabil</b>	Niðurstöður um starfandi í menningu og listum úr VMR hafa verið birtar frá árinu 2019 en gögnin ná aftur til ársins 2003.
<b>3.9 Grunntímabil</b>	Ár
<b>4. Mælieining</b>	
<b>4. Mælieining</b>	Grunneining vinnumarkaðskönnunar er einstaklingurinn. Niðurstöður eru í flestum tilvikum birtar eftir fjölda einstaklinga. Sumar mælingar eru birtar sem hlutfall.
<b>5. Viðmiðunartími</b>	
<b>5. Viðmiðunartími</b>	Gögnum er safnað samfelld allt árið um kring. Árinu er skipt upp í fjögur 13 vikna tímabil. Frá árinu 2018 hefur úrtak talið um 5.200 einstaklingar í hverjum ársfjórðungi, en á árunum 2003 til og með 2017 taldi úrtakið um 4000 manns. Úrtakinu er skipt jafnt niður á allar 13 vikurnar og er hver þátttakandi spurður um stöðu sína í viðmiðunarviku rannsóknarinnar.  Viðmiðunartími birtingar starfandi í menningu og listum er ár.
<b>6. Umboð</b>	
<b>6.1 Lög og reglugerðir</b>	Lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og (EC) 577/98.
<b>7. Trúnaðarkvaðir</b>	

7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	Sjá <a href="#">reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna</a>
7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	Sjá lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð og (EC) 577/98, greinar 10 til 13
<b>8. Reglur um birtingar</b>	
8.1 Birtingaráætlun	Birtingar verða tilkynntar og settar á <a href="#">birtingaráætlun</a> í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar.
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	<a href="#">Birtingaráætlun</a> er aðgengileg á vef Hagstofunnar.
8.3 Aðgengi fyrir notendur	Tölur um starfandi í menningu og listum eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „Hagrænir mælikvarðar“ undir „Menningu“.
<b>9. Tíðni birtinga</b>	
9. Tíðni birtinga	Tölur um starfandi í menningu og listum úr vinnumarkaðsrannsókn eru birtar árlega.
<b>10. Aðgengileiki og skýrleiki</b>	
10.1 Fréttatilkynningar	
10.2 Útgáfur	
10.3 Gagnasöfn á netinu	
10.4 Aðgengi að örgögnum	Hægt er að <a href="#">sækja um aðgang að örgögnum</a> Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar.
10.5 Annað	
10.6 Skjöl um aðferðafræði	

## 10.7 Skjöl um gæðamál

## 11. Gæðastjórnun

## 11.1 Trygging gæða

Sjá [meginreglur í hagskýrslugerð](#).

## 11.2 Gæðamat

Unnið er eftir viðurkenndum aðferðum í úrtaksrannsóknum.

Tölur um starfandi í menningu eru bornar saman við útgefnar tölur Hagstofu Evrópusambandsins sem byggja á gögnum frá Íslandi. Við gæðamat kom í ljós að Eurostat byggir sína útgáfu á þrengri kóðun á ISCO8 starfaflokkun en útgefnar tölur Hagstofu Íslands um starfandi í menningu. Þetta þýðir að tölur Hagstofu Íslands eru nokkuð hærri en útgefnar tölur Eurostat fyrir Ísland um starfandi í menningu. Rétt er þó að nefna að tölur Hagstofu Íslands eru í fullu samræmi við þversniðsskilgreiningu Eurostat sem byggir á fjögurra stafa starfaflokkum ÍSTARF95.

Vinumarkaðsrannsóknin er einnig notuð í réttmætisprófunum annarra rannsókna innan Hagstofu Íslands sem styður samsvörun milli Vinnumarkaðsrannsóknar og annarra gagna sem Hagstofan safnar og vinnur.

Reglulegum gæðaskýrslum er skilað til Eurostat. Markmiðið með þessum skýrslum er að tryggja að gæði íslensku rannsóknarinnar sé í samræmi við evrópska staðla um hagskýrslugerð.

## 12. Notagildi

## 12.1 Þarfir notenda

Helstu notendur eru aðilar vinnumarkaðarins, ráðuneyti, stofnanir, fjölmiðlar og almenningur.

## 12.2 Ánægja notenda

## 12.3 Heildstæðni

## 13. Nákvæmni og áreiðanleiki

## 13.1 Nákvæmni

## 13.2 Úrtaksvillur

Vinumarkaðsrannsóknin er úrtakskönnun. Úrtaksrannsóknir hafa ávallt óvissu í för með sér þar sem úrtakið er ekki nákvæm eftirmynd af heildarskránni eða þýðinu. Til þess að aðlaga úrtakið að þýðinu eru svör vigtuð eftir kyni þátttakenda og aldri. Því eru niðurstöðurnar háðar meiri óvissu eftir því sem sundurliðun talnaefnis er meiri þar sem það þýðir jafnan að færri svör eru fyrir hverja sundurliðun.

Rétt er að benda á að tölur um starfandi í menningu byggja á töluverðri sundurliðun. Þetta þýðir að töluverð óvissa ríkir um talningar í þeim hópum sem byggja á miklu niðurbroti (til dæmis þeirra sem eru alfarið starfandi í menningu). Þannig geta tölur þessara hópa geta sveiflast mikið milli ára eftir fjölda einstaklinga og eftir því hversu mikið þeir vigta í úrvinnslunni.

## 13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)

Helstu skekkjur í vinnumarkaðsrannsókninni aðrar en úrtökuskekkju eru þekjuskekkjur og brottfallsskekkjur.

**Þekjuskekkjur.** Þekjuskekkjur stafa annars vegar af því að sú skrá sem lögð er til grundvallar vali á úrtakinu, þ.e. úrtökuramminn, er ekki tæmandi og hins vegar af því að í rammanum eru einstaklingar eða einingar sem ekki eiga þar heima. Þetta kallast annars vegar vanþekja og hins vegar ofþekja.

Til dæmis er í þjóðskránni iðulega hópur fólks sem hefur aðsetur erlendis vegna náms eða vinnu lengur en 6 mánuði í senn á ári hverju og fellur þannig utan þýðisskilgreiningar rannsóknarinnar. Sé þessi hópur ekki dreginn frá mannfjöldanum á vinnualdri verður mat á heildarstærðum ofátlað sem honum nemur. Þess konar skekkja kallast *ofþekja*.

Mun erfiðara er að greina *vanþekju*, þ.e. fólk sem ætti að teljast til þýðisins. Til þessa hóps má telja íslenska ríkisborgara skráða með lögheimili erlendis en sem eru í raun búsettir hér á landi og fólk frá Evrópska efnahagssvæðinu sem býr og vinnur á Íslandi án þess að vera skráð hér með lögheimili.

**Brottfallsskekkjur.** Í öllum rannsóknum geta niðurstöður skekkst vegna þess að brottfall í úrtakinu dreifist misjafnt eftir hópum. Helstu ástæður brottfalls eru neitanir, hindranir vegna veikinda eða fötlunar, fjarvera frá heimili meðan á könnun stendur eða að ekki tekst að finna aðsetur eða símanúmer þeirra sem eru í úrtakinu.

Í vinnumarkaðsrannsókninni er mest horft til brottfalls sem skekkjuvalds. Helstu ástæður brottfalls í rannsókninni eru neitanir, hindranir vegna veikinda eða fötlunar, fjarvera frá heimili meðan á rannsókn stendur eða að ekki næst í þátttakendur, til dæmis þegar fólk svarar ekki í símann, ekki tekst að finna aðsetur eða símanúmer þeirra sem eru í úrtakinu.

Frá árinu 2003 hefur svarhlutfall í VMR lækkað úr um 80% í um 65%, mest vegna þess að ekki náðist í þátttakendur í síma. Til að draga úr áhrifum brottfallsskekkju eru gögnin vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.

Auk þess er brugðist við brottfalli innan rannsóknarinnar með því að tilreikna upplýsingar sem vantar og gætu valdið brottfallsskekkju.

**Tilreiknun.** Fyllt er upp í öll ófullgerð svör í VMR með sérstökum aðferðum. Aðferðirnar eru aðallega tvenns konar. Annars vegar hefur líklegt svar verið leitt af svörum annarra líkra svarenda. Hins vegar hefur líklegt svar verið leitt af öðrum svörum sama einstaklings í sömu könnun eða úr fyrri könnunum sem hann hefur tekið þátt í. Í einstaka tilfellum hefur einnig verið stuðst við aðhvarfsgreiningu til þess að fylla upp í gagnagöt.

## 14. Tímanleiki og stundvísi

### 14.1 Tímanleiki

Árlegar tölur liggja fyrir 4 vikum eftir að síðustu viðmiðunarviku árs lýkur.

### 14.2 Stundvísi

Niðurstöður vinnumarkaðsrannsóknar eru jafnan birtar á áður auglýstum dagsetningum. Afar sjaldgæft er að útgáfum sé seinkað.

## 15. Samræmi og samanburðarhæfni

### 15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg

Vinnumarkaðsrannsóknin leggur meðal annars til tölur til [alþjóðlegrar gagnasöfnunar Eurostat](#) sem er ætla að safna upplýsingum um framboð af vinnuafli og skipulag vinnumarkaðarins til skemmri tíma. Áhersla er lögð á samræmdar gagnasöfnunar og úrvinnslu aðferðir milli Evrópulanda þar sem markmiðið er að tryggja sambærileika niðurstaðna yfir löndin sem taka þátt í evrópska hagskýrslusamstarfinu.

### 15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma

Á árunum 1991 til 2002 var vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar framkvæmd tvisvar á ári en síðan 2003 hefur hún verið samfelld allt árið um kring. Frá 1991 hafa átt sér stað allnokkrar breytingar á spurningalistanum og spurningalistinn og framkvæmd rannsóknarinnar var endurskoðuð áður en samfellda rannsóknin hófst 2003.

### 15.3 Samræmi – milli efnissviða

Ýmsar upplýsingar um fjölda starfandi, þróun og stærð atvinnugreina má finna í öðrum útgáfum Hagstofunnar. Hagstofa Íslands gefur einnig út tölur um fjölda starfandi í heild, eftir kyni, bakgrunni og atvinnugreinum úr skrá, mánaðarlega út tölur um fjölda launþega eftir mánuðum og árum sem unnar eru úr staðgreiðslugögnum og árlega rekstrar- og efnahagsyfirlit fyrirtækja eftir atvinnugreinum, byggt á skattframtölum þeirra sem gefur mynd af stöðu og þróun einstakra atvinnugreina.

### 15.4 Samræmi – innan efnissviðs

## 16. Kostnaður og svarbyrði

### 16. Kostnaður og svarbyrði

Þátttakendum í úrtaki er frjálst að neita að taka þátt í rannsókninni. Meðalviðtalstími er um 6 mínútur, skemmri ef þátttakendur hafa áður verið í rannsókninni en lengri ef þeir eru nýir í rannsókninni.

17. Endurskoðun hagtalna	
17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna	Sjá <a href="#">stefnu</a> Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna.
17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd	
18. Úrvinnsla hagskýrslna	
18.1 Grunnkögn	Um er að ræða úrtaksrannsókn einstaklinga sem byggja á svörum þeirra í símakönnum. Megintilgangur könnunarinnar er að leggja mat á stærð vinnuafldsins og þeirra sem eru utan vinnumarkaðar og reynslu þeirra af vinnumarkaðinum.
18.2 Tíðni gagnasöfnunar	Vikuleg
18.3 Gagnasöfnun	<p>Upplýsinga í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er aflað með símaviðtölum (CATI) og skráð í BLAISE gagnasöfnunarkerfið. Forrit þetta sparar tíma við framkvæmd, auðveldar spyrjum að velja rétta röð spurninga og fækkar skekkjum.</p> <p>Aðallega er hringt á kvöldin og um helgar. Einnig er reynt að hringja að degi til í þátttakendur sem upplýsingar frá öðrum heimilismönnum gefa til kynna að séu helst viðlátir þá. Ítarlegar tilraunir eru gerðar til þess að hafa uppi á þeim sem hafa skipt um aðsetur eða hafa ekki skráð símanúmer. Ekki er farið heim til þátttakenda.</p> <p>Eftir 1991 hafa spyrjar verið ráðnir til að hringja til þátttakenda úr símaveri Hagstofunnar. Áður en kannanirnar hefjast fá spyrjarnir tilsögn í viðtalstækni, farið er yfir spurningalistann, tölvukerfið og vafaatriði útskýrð.</p>
18.4 Sannprófun	<p>Sannprófun er gerð á gögnum meðan á innsöfnun stendur þar sem svör þurfa að uppfylla ákveðnar reglur um innra samræmi svara fyrir hvern og einn svaranda.</p> <p>Í gagnavinnslu er öðrum reglum beitt til að skoða gagnsafnið og samræmi milli mismunandi breyta.</p>



<b>18.5 Gagnavinnsla</b>	Frá því á þriðja ársfjórðungi 2019 hefur gagnavinnsla farið fram í tölfræðiforritinu R. Breytur eru búnar til með hliðsjón af tilmælum Eurostat við að <a href="#">aðgerðabinda vinnumarkaðsmælingar</a> .
<b>18.6 Aðlögun</b>	Gögn eru vigtuð eftir kyni og aldurshópum til þess að niðurstöðurnar endurspegli fjölda þessara hópa í þjóðskrá.
<b>19. Athugasemdir</b>	
<b>19. Athugasemdir</b>	